

um breyting á lögum nr. 38 27. febrúar 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við 18. gr. bætist ný grein svo hljóðandi:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a., c. og d. lið 3. a. töluliðs 18. gr., greiða þessar viðbótarbætur:

1. Til ekkju eða ekkils skv. fyrri málslið a. liðs kr. 14.000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis skv. c. lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna óvinnuhæfni (skorts á starfsgetu) kr. 2.000.00 til — 6.000.00
3. Til foreldra skv. d. lið kr. 2.000.00 til — 6.000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6.400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6.400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b. lið 3. töluliðs 18. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Viðbótardánarbætur samkv. þessari grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa, eftir 31. desember 1953, og skulu þær hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun. Jafnframt skal ríkisstjórnin setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkv. 113. gr. laganna, og taka þau gildi 1. janúar 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að greiða fyrir samkomulagi milli samtaka sjómanna og útvegsmanna í kjaradeilu þessara aðila um síðast liðin áramót, ákvað ríkisstjórnin að verða við ósk deiluaðila um að hækka dánarbætur vegna lögskráðra sjómanna, svo sem nánar greinir í frumvarpinu.

Sem dæmi um hækkun bóta samkvæmt frumvarpinu má geta þess, að ekkjubætur hækka úr kr. 14.220.00 í kr. 36.340.00, sé miðað við núgildandi vísitölu, sem er 58 stig.

Félagsmálaráðuneytið hefur leitað upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins um útgjaldaaukningu þá, sem frumvarp þetta hefur í för með sér.

Samkvæmt reynslu fjögurra síðustu ára virðist mega áætla, að annar hvor maður, sem ferst af sjóslysum, láti eftir sig ekkju, og að þrír foreldrar komi til uppjafnaðar á hverja tvo sjómenn, sem farast. Samkvæmt þessu mundu ekkjubætur hækka um ca. kr. 7.000.00 fyrir hvert slys og foreldrabætur um ca. kr. 6.000.00, eða þessar eingreiðslur samtals um ca. kr. 13.000.00. Við þá upphæð þarf að bæta hækkun á eingreiðslum til barna yfir 16 ára aldur og systkina og enn fremur því, sem á skortir, að hækkun eingreiðslna nemi fullum kr. 6.400.00. Sé gert ráð fyrir, að þessar hækkunar nemi samtals ca. kr. 1.500.00 pr. slys, verður aukning núgildandi eingreiðslna fyrir hvert bætt dánarslys um kr. 14.500.00 auk verðlagsuppbótar. Miðað við 58% verðlagsuppbót er þessi hækkun alls ca. 690 þús. krónur, ef gert er ráð fyrir 30 bættum dauðaslysum á ári til uppjafnaðar.

Sé enn fremur gert ráð fyrir, að allt að fjórðungi dauðaslysa sé nú ekki bætt, þarf að bæta við þessa upphæð ca. 64 þús. krónum, sem að meðtalinni verðlagsuppbót nemur ca. 100 þús. krónum.

Samkvæmt framansögðu virðist mega áætla, að útgjaldaaukning sjómannatryggingarinnar verði ekki undir kr. 790.000.00 á ári. Þar sem þessi niðurstaða styðst að ýmsu leyti við ónákvæmar áætlanir, verður óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir nokkru meiri útgjaldaaukningu og áætla aukninguna samtals ca. kr. 900.000.00.

Iðgjöld sjómannatryggingarinnar fyrir síðasta ár eru áætluð um 2.1 millj. kr. Vikuiðgjaldið var þá kr. 14.00, og samsvarar upphæðin því 150 þúsund tryggingavikum.

Samkvæmt framansögðu virðist því þurfa að hækka iðgjöld sjómannatrygginganna um ca. kr. 6.00 á viku, eða alls um ca. kr. 900.000.00 til þess að mæta áætlaðri útgjaldaaukningu vegna fyrrnefndra breytinga.

Iðgjöld sjómanna fyrir þetta ár hafa nú verið ákveðin kr. 16.00 pr. viku, en eiga samkvæmt frumvarpinu að hækka um kr. 6.00 í kr. 22.00, eða um 37,5%.